

og hans miskunn stærri, stærri  
stærstu hugmynd sjáandans.

Væri ást vor eins og bæri,  
orði guðs ef fylgduum beint :  
dygðarstund hver dagur væri,  
drottni helguð bezt og leynt.

*Matth. Jochumsson*

## Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunni

Upphaf kristninnar, eins og upphaf allra stórra hreyfinga í heiminum, er á margan hátt óljóst og hulið í þoku. Jesús frá Nazaret finnur köllun hjá sér til að kenna, eftir að hann er búinn að kynnast Jóhannesi skírara og hans starfi. Hann safnar að sér fylgjendum, sem halda áfram að boða kenningar hans eftir að hann er fallin frá. Þessir fylgjendur eru rétttrúaðir Gyðingar, sem sjá í honum uppfyllingu vonar, sem lengi var búin að eiga sér stað hjá þjóðinni, messíasarvonarinnar. Þessir menu gátu aldrei haft nein áhrif á hugi mænna utan sinnar eigin þjóðar. Með þeim hefði hreyfing Jesú smá dáið út og aldrei þekst utan Gyðingalands.

En þá kemur nýr maður til sögunnar, Páll frá Tarsus. Hann flytur kristindóminn út í heiminn, út á meðal grískumælandi manna, sem vissu ekki um hvað var að gerast á meðal Gyðinganna. Þar sem hann ekki þekkir Jesúm persónulega og kemur með sérstakar tilhneigingar og sérstaka þekkingu inn á hið nýja starfsvið sitt, verður kristindómur hans eðlilega mjög frábrugðinn kenningum Jesú sjálfs.

Hvað er það þá sem einkennir Pál og hans kristindóm? Í fyrsta lagi var hann lærður Gyðingur. Af því leiddi að hann hafði allmikið af þeirri sunámunalegu nákvæmni, sem einkendi